

liðurinn 47, svo sjá má á því, að það vantar mikið framan við handritið. Þess er getið til, að bréfin til Ephesus safnaðar, Philippi, Kolossi og Þessaloníku hafi verið framan við það, því svo eru þau í flestum fornum handritum, er enn hafa fundist.

Þá hefir og fundist brot af G. Testam. á grísku útleggingsunni fornu, þar á sömu stöðvum. Brotin eru af 14, 15, 19, 20 24, og 27, kapitula Genesis, og eru álitin vera frá öndverðri 3ju öld. Öll þessi brot, sem þegar eru talin, eru álitin mjög þýðingarmikil fyrir textaleiðréttingar og útgáfur biblíunnar, og ber þeim víða ekki saman við það, sem nú stendur í hinum prentuðu útgáfum vorum á biblíunni.

Þá er handritabrot af einhverju ókunnunni apokryfisku guðspjalli, er fannst síðastliðið ár. Handrit þetta er afar fornt, og talið til fyrsta hluta 3. aldarinnar, og hvað mikið eldra að sjálft guðspjallið er, er ervitt að segja. Að efni og orðfæri svipar broti þessu til 6. kap. Matt. guðspjalls, Lúk. 12, Guðsp. til hinna E-gypzku og hinum svo nefnda síðari pistli Klements til Korintumanna. Fyrstu 23 línurnar eru á þessa leið:

„Berid engar áhyggjur, frá morgni til kvelds né frá kveldi til morguns, hvorki fyrir fæðunni, hvað þér skuluð eta, né fyrir klæðnaðinum, hverju þér skuluð klæðast. Þér eruð meira verðir en liljugrösín, er skryðast, og spinna þau þó ekki. Hafið þér einn kyrtill, hvers er yður þá vant? Hver er sá, er aukið getur við hæð yðar? Hann mun og sjá yður fyrir klæðum. — Lærisveinar hans sögðu þá til hans: Hvenær munt þú opinberast oss, og nær munum vér sjá þig? Og hann svaraði: Þá þér eruð naktir og blygðist yðar ekki.” (41-6 línu) „Lykil vizkunnar hafið þér falið, sjálfir gangið þér ekki inn, og fyrir þeim, sem farið hefði inn, upplukuð þér ekki.“

Ásamt þessum biblíuhandritabrotum hefir einnig fundist vottorð frá ríkisárum Deciusar, eða eiður, er menn unnu á þeim tíma að því, að þeir hefði fórnfært fyrir guðunum, eins og lögin ákváðu. Trúleysi á fornan síð var þá orðið svo mikið, að krafist var af mönnum, að þeir hefði þessa trúarbragða „passa“, er þeir gátu ekki fengið nema með því, að framkvæma það, sem fyrirskipað var af musterisyfirvöldunum, og var það aðallega